

Áfallaáætlun Grænatún

Sorg og sorgarviðbrögð



Ábyrgðaraðilar:

Sigríður Ólafsdóttir
Jóna Kristín Gunnlaugsdóttir
Elísa Björg Benediktsdóttir



Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Fyrstu viðbrögð – nöfn og símanúmer	4
3. Áfallaáætlun – hlutverk áfallateymis.....	5
Áfallaráð Kópavogs.....	5
4. Áfallahjálpi	6
Áfallahjálpi fyrir börn.....	6
Áfallahjálpi fyrir starfsfólk.....	6
Áfallahjálpi fyrir foreldra	6
Fólk af erlendum uppruna – leiðir og viðbrögð við áföllum	6
5. Börn og sorg.....	7
Algeng sorgarviðbrögð barna:	7
Sorgarferli.....	7
6. Vinnuferlar	8
Veikindi barns	8
Bráðaofnæmi	8
Slys á barni.....	9
Foreldraviðtal eftir slys á barni	10
Líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi á börnum	10
Barn og skilnaður foreldra.....	11
Ef barn týnist.....	12
Andlát barns	13
Veikindi eða slys aðstandanda barns.....	15
Andlát aðstandanda barns.....	16
Veikindi/slys starfsmanns.....	17
Veikindi/slys aðstandanda starfsmanns.....	18
Andlát starfsmanns	19
Andlát aðstandanda starfsmanns	20
7. Ítarefni	21
8. Ráðgjöf.....	21
9. Hugmyndir að tölvupóstum til foreldra.....	22



1. Inngangur

Áfallaáætlun Grænatúns er handbók sem ætluð er til að styðja starfsfólk og vísa veginn ef áföll verða hjá barni, starfsmanni eða aðstandendum þeirra. Lögð er áhersla á að öll viðbrögð og áætlanir séu settar fram af nærgætni og festu.

Þegar áfall verður í leikskólanum sem tengist barni, fjölskyldu þess, starfsmanni eða fjölskyldu hans með beinum hætti er mikilvægt að öll skilaboð berist strax til leikskólastjóra, staðgengils hans eða áfallateymis svo hægt sé að bregðast við á markvissan hátt.

Áföll eru af ýmsum toga. Sem dæmi um áföll má nefna skilnað, alvarleg veikindi, slys, dauðsfall, atvinnumissi, ofbeldi, misnotkun, einelti og náttúruhamfarir.

Félagslegar aðstæður sem leiða til aukins álags á heimili barns s.s. flutningar, vímuefnanotkun, atvinnuleysi, ofbeldi, misnotkun, niðurstöður úr þroskamati, langvarandi fjarvera vegna sjúkdóma eða slysa geta haft áhrif á líðan barns.

Sorg og sárar tilfinningar eru eðlileg viðbrögð við missi. Missir er ekki eingöngu bundin við andlát. Hann getur tengst skilnaði, veikindum, fötlun og öðru mótlæti. Sorg er hluti af lífsgöngunni og því skiptir miklu máli að starfsfólk leikskólans sé í stakk búið til að veita stuðning þeim sem á hjálp þurfa að halda. Hvert atvik er sérstakt og ber að hafa það í huga þegar ráðstafanir eru gerðar.

Handbók sem þessi er aldrei tæmandi og er endurmetin á fjögurra ára fresti. Aftast í handbókinni er blað þar sem starfsfólk kvitta fyrir að þeir hafi kynnt sér efni handbókarinnar. Einnig er óskað eftir að starfsfólk skrái niður ábendingar eða viðbætur sem fjallað verður um þegar endurmat fer fram. Markmiðið er að áfallaáætlun verði lifandi plagg þar sem fram koma upplýsingar um hvernig á að bregðast við þegar áföll eða sorg ber að dyrum.



2. Fyrstu viðbrögð – nöfn og símanúmer

Ef tilkynning berst um slys, alvarleg veikindi eða dauðsfall á að láta skólastjóra, deildarstjóra og áfallateymi strax vita.

Áfallateymi Grænatúns:

Jóna Kristín Gunnlaugsdóttir	441 6401 / 844 5930
Elísa Björg Benediktsdóttir	441 6403 / 779 0695
Þórunn Jóhannsdóttir	441 6400 / 659 5939

Velferðarsvið Kópavogs/barnavernd

Eftir lokun, vegna neyðartilvika	441 1550 1 1 2
----------------------------------	-------------------

Leikskóladeild:

Sigrún Hulda Jónsdóttir	441 0000 441 2855 / 861 5440
Ásdís Emilía Gunnlaugsdóttir	441 2857 / 867 8851
Elín Guðrún Pálsdóttir	441 2852 / 893 1881
Vigdís Guðmundsdóttir	441 2851 / 770 6027

Almannatengill Kópavogs:

Sigríður Björg Tómasdóttir	441 1351 / 821 7506
----------------------------	---------------------

Prestar (í nærumhverfi):

Digraneskirkja	554 1620
Hjallakirkja	554 6716
Sr. Alfreð Örn Finnson	891 6138
Sr. Helga Bragadóttir	846 5079
Sr. Hildur Sigurðardóttir	865 0293
Bakvaktasími presta í Kópavogi	843 0444

Heilsugæslan

Heilsugæslan Hamraborg	513 5800
------------------------	----------

Áfallahjálp – Landspítalinn Fossvogi

Kvennaathvarfið	543 1000 561 1205
-----------------	----------------------

Barna- og fjölskyldustofa	530 2500 / 899 2508
---------------------------	---------------------

Túlkabjónusta

Alþjóðasetur	530 9300
Túlkabjónustan	517 0606

Kvöld- og helgarsími túlkabjónustu

Túlkabjónustan	517 0606
----------------	----------



3. Áfallaáætlun – hlutverk áfallateymis

Áfallaáætlun er unnin af áfallateymi undir stjórn leikskólastjóra og er endurskoðuð fjórða hvert ár og endurmetin eftir hvert áfall.

Áfallateymi er skipað leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra og einum deildarstjóra. Hlutverk áfallateymis er að vera starfsfólki leikskólans til aðstoðar við að halda utan um ferlið sem fer í gang við áföll.

Þegar áfall verður í leikskólanum sem tengist barni, fjölskyldu þess, starfsmanni eða fjölskyldu hans með beinum hætti er mikilvægt að öll skilaboð berist strax til leikskólastjóra eða staðgengils hans sem upplýsa áfallateymið.

Áfallateymi er bundið trúnaði

Leikskólastjóri eða áfallateymi leitar staðfestingar á atburðinum eftir ábyggilegum leiðum. Leikskólastjóri eða staðgengill hans kallar saman áfallateymi ef þurfa þykir. Áfallateymi skipuleggur með hvaða hætti skuli brugðist við og stjórnar aðgerðum. Mikilvægt er að öll viðbrögð og áætlanir séu settar fram af nærgætni og vel útskýrð í samráði við aðstandendur.

Hvert atvik er einstakt og ber að hafa það í huga þegar ráðstafanir eru gerðar.

Áfallateymi ákveður hvernig upplýsingamiðlun er háttað, hver sér um að koma upplýsingum áfram og hver sér um móttöku upplýsinga.

Ef fjölmiðlar sækjast eftir upplýsingum um atburði sem hafa átt sér stað í leikskólanum er vísað á almannatengil Kópavogsbæjar.

Leikskólastjóri leitar samráðs við starfsfólk leikskóladeildar Menntasviðs Kópavogs, aðra leikskólastjóra, sóknarprest og starfsfólk heilsugæslunnar ef ástæða þykir til.

Leikskólastjóri eða staðgengill hans upplýsir deildarstjóra leikskóladeildar alltaf um mál sem upp koma og framvindu þeirra.

Þegar áfall eða sorg ber að dyrum er mikilvægt að viðkomandi hafi í huga að það sem skiptir mestu máli er: ***Hlýtt hjarta, faðmlag, stór eyru og lítill munnur.***

Áfallaráð Kópavogs

Tvö ráð starfa í bænum; austan og vestan Reykjanesbrautar og í hvoru þeirra sitja fjórir aðilar frá skóla, velferðarsviði, heilsugæslu og þjóðkirkjunni. Samstarfi hefur verið komið á við lögreglu, Rauða krossinn og áfallateymi LSH.

Tengiliður Grænatúns við Áfallaráð Kópavogs er Anna Rósa Sigurjónsdóttir leikskólastjóri Álfheiði.



4. Áfallahjálpi

Áfallahjálpi fyrir börn

- Notið opin, hreinskilin og einlæg tjáskipti.
- Greinið barninu frá staðreyndum: *Hvað hefur gerst - Hvernig gerðist það - Hvað mun gerast í framhaldinu.*
- Talið við barnið í samræmi við aldur þess og þroska.
- Útskýrið ekki of fræðilega fyrir barninu heldur notið einfalt orðalag.
- Forðist huglægar útskýringar og notið ekki orð eins og *svefn*, *ferð* o.s.frv. við segjum staðreyndir aðilinn er dáinn (í staðinn fyrir *dauði*).
- Leikskólinn er griðastaður barnsins og því mikilvægt að hafa allt í föstum skorðum og halda daglegu skipulagi.

Áfallahjálpi fyrir starfsfólk

- Áfallateymi leikskólans og starfsfólk þarf að vera vakandi fyrir líðan samstarfsfólks og leita aðstoðar ef þurfa þykir t.d. hjá sálfræðingi, presti eða heilbrigðisstarfsfólki.

Áfallahjálpi fyrir foreldra

- Áfallateymi leikskólans og starfsfólk þarf að vera til staðar fyrir foreldra og aðra aðstandendur þegar áfall dynur yfir. Áfall getur verið af ýmsum toga s.s. við andlát, skilnað eða greiningu sem barn fær. Mikilvægt er að fylgja málum eftir t.d. með spurningum eða klappi á öxl til að sýna viðkomandi umhyggju og athygli.

Fólk af erlendum uppruna – leiðir og viðbrögð við áföllum

- Fjölmenningardeild Vinnumálastofnunar veitir ráðgjöf vegna áfalla og þar er starfandi upplýsingafulltrúi, síminn þar er 450 3090. Á [heimasíðu](#) þeirra má nálgast nánari upplýsingar.
- Á vef landlæknisembættisins er ritið „[Menningarheimar mætast](#)“ á tölvutæku formi sem fjallar um ýmsa síði og venjur mismunandi trúarbragða.

Mikilvægt er að samræma upplýsingagjöf



5. Börn og sorg

Algeng sorgarviðbrögð barna:

- Kvíði
- Svefntruflanir
- Leiði og söknuður
- Reiði eða annað atferli sem kallar á athygli
- Sektarkennd og sjálfsásakanir
- Erfiðleikar í skóla
- Líkamleg einkenni

(Sigurður Pálsson. Börn og sorg 1998:27)

Sorg barna er ekki eins samfelld og fullorðinna. Eftir fyrstu viðbrögðin, getur sorgin vitjað þeirra ítrekað við tiltekna aðstæður í lífinu, t.d. á merkisdögum og getur fylgt þeim með einum eða öðrum hætti til fullorðinsára. Börn virðast almennt dylja sorg sína fremur en fullorðnir. Sökum þess hve sorgin gengur nærri tilfinningalífi þeirra leitast þau oft við að beina huganum að einhverju skemmtilegu til þess að hlífa sér. Börn fela oft sorg sína, meðvitað eða ómeðvitað, til að hlífa fullorðnum syrgjendum í kringum sig og reyna þess í stað að geðjast þeim og gleðja.

Viðbrögð barna við missi eru mismunandi. Þau fara eftir aldri og persónuleika barnsins, tengslum við hinn látna, nánasta umhverfi barnsins og aðstæðum. Viðbrögð barna við andlátsfréttum geta verið ólík, veik eða sterk eftir einstaklingum og aðstæðum hverju sinni.

Börn skynja dauðann út frá sínum eigin forsendum. Á ólíkum aldri og þroskaskeiðum hafa þau ólíkan skilning á því sem er að gerast í þeirra lífi.

Börn á leikskólaaldri geta skynjað dauðann eins og svefn og eiga erfitt með að skilja að hinn látni getur ekki vaknað til lífsins að nýju. Sú útskýring að amma sé í kirkjugarðinum og á sama tíma hjá Jesú er þeim mjög ruglingsleg. Varast ber að nota orð eins og: „*Hann er farinn*“ eða „*Hann er sofnaður svefninum langa*“, því ef einhver fer þá kemur hann aftur og við vöknum aftur eftir svefn.

Sorgarferli

Fræðimenn hafa sett fram mismunandi kenningar um sorgarferli. Colin Mary Parkers, breskur geðlæknir, skiptir sorgarferlinu niður í fjögur tímabil:

1. Doði/lost, tilfinningaleysi og afneitun á staðreyndum missisins
2. Söknuður, afneitun og reiði
3. Upplausn, örvænting og vanmáttur
4. Enduruppbygging

Einstaklingurinn verður að fá útrás fyrir tilfinningar sínar og ljúka hverju tímabili fyrir sig. Þó eru alltaf bakslög en þau verða ekki eins sársaukafull þegar lengra líður frá missinum. Misjafnt er hvað sorgarferlið er talið taka langan tíma en tvö ár er algengur tími.

***Leita skal leiða til að hjálpa börnunum að vinna
úr tilfinningum sínum t.d. í leik og sköpun***



6. Vinnuferlar

Veikindi barns

Markmiðið er:

- *Að hlúa að barni þegar það veikist*
- *Að meta líðan barns og láta foreldra vita á rólegan og yfirvegaðan hátt*

Lýsing:

- Mikilvægt er að leyfa barni sem er veikt að hvíla sig á rólegum stað.
- Ef barni líður illa er hringt í foreldra og þeir beðnir um að sækja barnið í leikskólann.
- Ef um smitandi sjúkdóm er að ræða skal upplýsa aðra foreldra með tölvupósti og jafnframt á upplýsingatöflum deilda.
- Stuðst er við [Heilsuveru](#) um helstu smitsjúkdóma barna og viðmið varðandi meðgöngu sjúkdóms, smithættu og hvenær barn má koma aftur í leikskólann.
- Möguleiki er á styttri útiveru í þeim tilfellum sem það á við, þ.e. að barnið fari síðast út og komi fyrst inn.
- Mikilvægt er að starfsfólk sýni hluttekningu og gefi foreldrum og barni tíma til að tjá sig um veikindin.
- Lyfjagjöf fer fram heima nema í undantekningartilfellum (sjá lyfjaeyðublað)
- Ef um langtímaveikindi er að ræða er það hlutverk deildarstjóra í samvinnu við áfallateymi að skipuleggja samráð, upplýsingagjöf, teymisvinnu og fræðslu til starfsfólks og jafnvel annarra foreldra.

Leikskólinn er fyrir frísk börn og er útivera mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu jafnt að sumri sem vetri

Bráðafnæmi

- Ef barn fær slæmt ofnæmiskast er strax hringt í **112** og penni notaður ef hann er til staðar.
- Ef barn er með slæmt bráðafnæmi og þarf að fá sprautu skulu fylgja með upplýsingar um barnið, mynd af því, símanúmer foreldra og hverju barnið er með ofnæmi fyrir.
- Sprautan er geymd inná deild viðkomandi barns í nálægð við matarborð barnsins, starfsfólk upplýst á hverri deild fyrir sig.
- Mikilvægt er að taka pennann með barninu þegar farið er í ferðir.
- Eitrunarmiðstöð er opin allan sólarhringinn, einfaldast er að ná samband þangað í gegnum Neyðarlínuna í síma **112**.



Slys á barni

Markmiðið er:

- *Að hlúa samstundis að barninu*
- *Að koma í veg fyrir hræðslu, óöryggi og mistök*
- *Að starfsfólk vinni saman og skipti með sér verkum*
- *Að vinna hratt og örugglega*

Lýsing:

- Nauðsynlegt er að vanda fyrstu upplýsingar til foreldra. Ef um minni háttar slys er að ræða fara foreldrar með barnið til læknis. Leita ber til heilsugæslustöðva sé þess kostur.
- Verði alvarlegt slys t.d. höfuðhögg eða ef einhver vafi er um alvarleika slyss, ber tafarlaust að hringja í **112**. Starfsmaður fer með barni í sjúkrabíl á bráðamóttökuna.
- Nauðsynlegt er að láta foreldra vita eins fljótt og auðið er. Mikilvægt er að tilkynna foreldrum slíkt með nærgætni og rétt að það sé í höndum leikskólastjóra eða deildarstjóra.
- Ef barn slasast alvarlega fer fulltrúi frá lögreglunni til foreldra með upplýsingar um slysið. Foreldrar bera ábyrgð á því að réttar upplýsingar um heimilisföng og vinnustaði foreldra séu í bráðabókum leikskólans.
- Þegar hringt er í **112** kemur lögregla á staðinn og sér hún um að gera slysarannsóknarskýrslu. Mikilvægt er að fylgja skýrslugerðinni eftir. Þetta getur skipt sköpum síðar meir ef slysið t.d. leiðir til örorku eða málsóknar.
- Senda þarf afrit af öllum tjónatilkynningum á Tjónatilkynningar: tjon@kopavogur.is
- Ef barn slasast er slysið skráð inn í [ATVIK](#)
- Ef barn fær áverka/högg á munnsvæði þurfa foreldrar að fara með barnið til tannlæknis, sem fyllir út þar til gert [áverkavottorð tannlæknis](#) sem er skilað til leikskólastjóra.
- Afrit af öllum tilkynningum þarf að skila á tjon@kopavogur.is
- Allar upplýsingar um slys þurfa að berast bæði frá skóla og foreldrum til [Vátryggingafélags](#) Kópavogsbæjar.
- Sjúkrakassar leikskólans eru inná kaffistofu starfsfólks.
- Ef farið er með barn til læknis skal hafa meðferðis bráðaupplýsingar um barnið sem staðsettar eru á inná Völu appinu sem allt starfsfólk hefur aðgang að.
- Börn eru slysatryggð í leikskólum Kópavogs. Greiddur er kostnaður vegna slysa sem eiga sér stað í leikskólanum og á leið í og úr leikskóla. Senda skal reikninga vegna útlagðs kostnaðar á vátryggingafélag Kópavogsbæjar.
- Ef barn slasast er mikilvægt að gefa því kost á að vinna úr reynslu sinni.
- Funda skal með foreldrum, sjá vinnulýsingu hér að neðan.
- Ef barn kemur ekki strax í leikskólann þarf starfsfólk að hafa samband við foreldra og fylgjast með líðan barnsins.
- Starfsfólk leikskólans sækja slysavarnanámsskeið annað hvert ár.

Hin gullna regla vináttunnar:

Hlustaðu á aðra á sama hátt og þú vilt að aðrir hlusti á þig



Foreldraviðtal eftir slys á barni

Markmiðið er:

- *Að upplýsa foreldra um slysið*
- *Að kynna þær tryggingar sem leikskólinn er með*
- *Að kynna foreldrum endurskoðun á verkferlum og búnaði, ef við á*

Lýsing:

- Deildarstjóri og leikskólastjóri útskýra fyrir foreldrum hvernig slysið átti sér stað.
- Leikskólastjóri útskýrir tryggingar sem bærinn er með vegna leikskólabarna.
- Fylla skal út skýrslu í samráði við foreldra og senda hana undirritaða og stimplaða af leikskólastjóra til váttryggingarfélags bæjarins og á Sjúkratryggingar Íslands. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar tanntjón verður þar sem oft getur liðið nokkur tími þar til í ljós kemur hve alvarlegt tjón hefur orðið.
- Allir reikningar vegna slysa (frumrit) verða að berast í [Gagnagátt](#) VÍS sem sér um endurgreiðslu til foreldra.
- Kópavogsbær er ekki með tryggingar vegna tjóns á persónulegum munum barna á leikskólaaldri. Foreldrum er bent á eigin heimilstryggingar.

Líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi á börnum

Markmiðið er:

- *Að bregðast við af öryggi og festu*
- *Að snúa sér til réttra aðila með málið*

Lýsing:

- Í barnaverndarlögum, nr. 80/2012 í 16. og 17. grein, er kveðið á um tilkynningarskyldu vegna barna en tilkynningarskylda gengur framár ákvæðum um þagnarskyldu. Í lögunum segir að hverjum, sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreiti eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Ef grunur vaknar hjá starfsmanni um einhver ofangreind atriði ber starfsmanni að tilkynna það leikskólastjóra og deildarstjóra.
- Mikilvægt er að starfsmaður haldi ró sinni og hrósi barni fyrir hugrekki sitt að segja frá. Starfsmaður þarf að spyrja barn opinna spurninga t.d. „Hvað er að?“, „Viltu segja mér meira?“. Mikilvægt er að skrá nákvæmlega hvað barnið sagði.
- Leikskólastjóri skal leita ráðgjafar hjá Velferðarsviði Kópavogs. Ef leikskólastjóri metur aðstæður þannig, í samráði við félagsráðgjafa, að taka eigi málið í formlegt ferli er það gert með tilkynningu til barnaverndaryfirvalda.
- Foreldrar eru boðaðir á fund í leikskólann þar sem leikskólastjóri og deildarstjóri gera grein fyrir aðstæðum. Foreldrum er sýnt afrit af tilkynningu sem sent verður barnaverndaryfirvöldum.
- Ef grunur leikur á að foreldrar eigi hlut að máli tilkynnir leikskólastjóri málið til barnaverndaryfirvalda Kópavogs tafarlaust, án vitundar foreldra.
- Menntasvið Kópavogs hefur sett sér verklagsreglur og forvarnarstefnu til verndar börnum vegna gruns um líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi.
- Verklagsreglurnar eru á deildum og á heimasíðu leikskólans.



Barn og skilnaður foreldra

Markmiðið er:

- *Að koma til móts við barn og foreldra þess í skilnaðarmálum*

Lýsing:

- Starfsfólk þarf að vera í stakk búnir til að koma til móts við breyttar þarfir barns.
- Starfsfólk þarf að vera vakandi yfir viðbrögðum barns við skilnaði og gera sér grein fyrir áhrifum hans á barnið.
- Starfsfólk tekur ekki afstöðu með öðru foreldri í skilnaðarmálum né tekur þátt í skilnaði með foreldrum. Hagur barnsins skal hafður að leiðarljósi og leikskólinn skal vera griðastaður barnsins.
- Brýna skal fyrir foreldrum að láta vita um breytingar á högum barnsins í framhaldi af skilnaði.

Barnið í kjölfar skilnaðar:

- Börn geta sýnt afturhvarf í þroska s.s. farið að sjúga finger eða gera eitthvað annað sem þau voru hætt að gera. Börnin leita í öryggi og það sem þeim áður var tamt.
- Sum börn eiga erfiðara með að skilja við foreldra þegar þau koma í leikskólann. Þau eru að upplifa að annað foreldrið sé flutt í burtu og verða jafnvel hrædd um að hitt yfirgefi sig líka.
- Barnið þarf að fá vissu fyrir því að það sé ekki ástæða skilnaðarins. Börn kenna sér í sumum tilfellum um þá stöðu sem upp er komin og geta fundið ýmsar ástæður sem þau tengja við skilnaðinn.

Foreldrar geta fengið bókina „*Börn og skilnaður*“ eftir Benedikt Jóhannsson að láni í leikskólanum (ef hún er til).

Einnig er hægt að benda foreldrum á heimasíðuna SES Family (áður „Samvinna eftir skilnað - barnanna vegna“) en um er að ræða nýstárlegt stafrænt og gagnreynt námsefni sem hjálpar foreldrum að takast á við breytingar og áskoranir í kjölfar skilnaðar eða sambúðarslita. Markmiðið er að foreldrar fái verkfæri til að hjálpa sjálfum sér og börnunum á sem jákvæðastan hátt í gegnum skilnaðinn og að draga úr ágreiningi milli foreldra. SES gengur út á að foreldrar sækji sér sjálf fræðslu og ráðgjöf á vefnum. Ferlið er þannig að foreldrar búa sér til aðgang að stafræna vettvangnum sér að kostnaðarlausu og fá um leið aðgang að 19 stafrænum námskeiðum. Fræðsluefni námskeiðanna er gagnreynt efni sem inniheldur kennsludæmi, verklegar æfingar og ígrundun um eigin líðan og hegðun. Fræðsluefnið veitir foreldrum verkfæri til að skoða sjálf sig og samvinnuna við hitt foreldrið með það markmið að hafa þarfir barnanna í fyrirrúmi.

Deildarstjóri þarf að fá upplýsingar hjá foreldrum um stöðu mála og hvernig barnið taki breyttu fjölskyldumynstri. Kennarar leikskólans þurfa að vera vakandi yfir því hvort barnið sýni einhverjar skapgerðarbreytingar s.s. sýni afturför í þroska, leiti eftir öryggi, er háværra og fyrirferðarmeira. Kennarar þurfa að koma til móts við þarfir barnsins og hafa í huga að leikur og sköpun er mikilvæg leið fyrir barnið til að vinna úr tilfinningum sínum.

Börn frá fæðingu til tveggja ára aldurs hafa ekki þroska til að gera sér grein fyrir aðstæðum. Mesta röskunin er þegar foreldri á erfitt með að veita barninu tilfinningalegt öryggi sökum vanlíðan. Þegar foreldrarnir jafna sig tilfinningalega fer barninu að líða betur.



Ef barn týnist

Markmiðið er:

- Finna barnið sem allra fyrst
- Að allir viti hlutverk sitt þegar leit hefst þ.e. hvað eigi að gera

Lýsing:

- Athuga hvort búið sé að skrá barnið út.
- Hafa samband við starfsfólk sem er farið heim til að athuga hvort þau hafi hvatt viðkomandi barn.
- Finna út hver sá barnið síðast og hvar.
- Fara strax að leita að barninu inni í leikskólanum, á leikskólalóðinni og í næsta nágrenni.
- Hringja í báða foreldra finnist barnið ekki. Það kemur fyrir að foreldrar eða aðrir sem sækja barn gleyma að láta vita. Ef ekki næst í foreldra á að hringja í tengiliði.
- Finnist barnið ekki fljótlega er óskað eftir aðstoð lögreglu í síma **112**.
- Ef leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri eru fjarverandi skal kalla þá út til leitar.
- Starfsfólk annarra deilda aðstoða við að hugsa um barnahópinn.
- Ef barn týnist utan leikskólans t.d. í vettvangsferðum, skal strax haft samband við lögreglu í síma **112**.
- Ef utanaðkomandi aðili finnur barnið og kemur því í leikskólann skal ávallt fá nafn, kennitölu og símanúmer viðkomandi og spyrja hann út í málsatvik.



Aðgát skal höfð í nærveru sálar



Andlát barns

Markmiðið er:

- *Að koma fram við foreldra, börnin í leikskólanum og samstarfsfólkið af hlýju, varfærni og umhyggju*
- *Að gera alla hluti af vandvirkni og yfirvegun*
- *Að skapa ró og festu*

Lýsing:

- Leikskólastjóri eða staðgengill leitar staðfestingar á andláti, kallar saman áfallateymi og tilkynnir deildarstjórum og deildarstjóra leikskóladeildar um andlátið. Nauðsynlegt er að vanda fyrstu upplýsingar til starfsfólks.
- Gætt skal að því að tilkynna andlátið sérstaklega því starfsfólki sem tengjast hinu látna barni fjölskylduböndum.
- Áfallateymi og leikskólastjóri fara yfir það sem gera þarf áður en börn og starfsfólk mæta í leikskólann fyrsta daginn eftir áfallið. ***Ef kostur er skal bera aðgerðir leikskólans undir aðstandendur og hafa þá með í ráðum frá upphafi.***
- Foreldrum barnanna á deildinni er tilkynnt um andlátið símleiðis svo fljótt sem auðið er og foreldrum annarra barna með tölvupósti.
- Foreldrar eru beðnir um að ræða við barn sitt og upplýsa það um andlátið. Því er sleppt ef börnin á deildinni eru mjög ung.
- Deildarstjóri ræðir andlátið við börnin á deildinni, á þó ekki við um yngri börn leikskólans, og eru foreldrar upplýstir um það áður. Viðbrögð barnanna geta verið margvísleg, því er mikilvægt að deildarstjóri fái aðstoð frá áfallateymi eða öðru samstarfsfólki.
- Leita skal eftir aðstoð sérfræðinga og/eða sóknarprests fyrir starfsfólk, börn og foreldra annarra barna ef þörf er á.
- Starfsfólk deildarinnar vinnur með börnunum t.d. les sögu eða ljóð. Börnin teikna mynd í minningu barnsins. Setja skal mynd af barninu í ramma á fallegan stað á deild barnsins og blóm í vasa.
- Börn í áfalli – sköpum rólegar stundir og höfum börnin í minni hópum. Með því gefum við þeim tækifæri á að tjá sig.
- Leikskólastjóri eða staðgengill ásamt deildarstjóra og áfallateymi skipuleggja næstu daga, með stuðningi sérfræðinga ef þörf er á.
- Fundinn er tengiliður við fjölskylduna t.d. foreldrar annarra barna, vinur eða einhver sem þekkir fjölskylduna vel.
- Ein hugmynd væri að búa til myndaalbúm með myndum af barninu (ca. 10 -15 myndir) og það afhent fjölskyldunni við tækifæri.
- Starfsfólk deildarinnar þarf að fá upplýsingar frá foreldrum barnanna um líðan þeirra heima. Þannig er betur hægt að koma til móts við þarfir þeirra í leikskólanum.
- Við fráfall barns hittist starfsfólk deildarinnar eins oft og þurfa þykir fram yfir jarðaför eða lengur. Mikilvægt er að samræma aðgerðir og ákveða næstu skref.
- Panta krans eða blóm frá börnum og starfsfólki leikskólans.
- Skrifa minningargrein og senda hana á fjölmiðla.
- Öllu starfsfólki skal gefið tækifæri á að fara við jarðarför og skólastarf skert og eða skólanum lokað í samráði við deildarstjóra leikskóladeildar.
- Ef hluti starfsfólks fer til jarðarfarar skal metið hverju sinni hvort ástæða er til að óska eftir aðstoð foreldra um að sækja börnin í leikskólann.



- Þeim aðilum sem fara til jarðarfarar skal gefin tími til að setjast niður eftir athöfnina og taka þátt í samráðsfundi þar sem farið er yfir hvað hverjum og einum þótti erfiðast og hvað hægt sé að gera til að losa um streitu.
- Á jarðarfarardag er flaggað í hálfa stöng í leikskólanum og fáninn dreginn í fulla stöng að athöfn lokinni.

*Verum minnug þess að sýna áföllum virðingu en
gætum þess að festast ekki í umræðum um áfallið*





Veikindi eða slys aðstandanda barns

Markmiðið er:

- *Að hlúa að og veita barni og fjölskyldu þess stuðning*
- *Að gefa barninu tækifæri á að tjá liðan sína og tilfinningar á margvíslegan hátt*
- *Að fylgjast með liðan og tilfinningum barns í samráði við fjölskyldu þess og skapa ró og festu*

Lýsing:

- Finna tengilið við fjölskylduna sem upplýsir leikskólann um veikindi, slys eða bata aðstandanda. Einnig er mikilvægt að fá upplýsingar um hvað barninu hefur verið sagt um veikindin eða slysið.
- Starfsfólk er látið vita svo að breytt hegðun barnsins komi ekki á óvart.
- Starfsfólk leikskólans þarf að leggja sig fram um að lesa í liðan barnsins.
- Leyfa spurningar og samtöl. Vera tilbúin að hlusta á barnið og hvetja það til að senda myndir og kveðjur til aðstandandans.
- Veita barninu hlýju og skilning.
- Reyna að hafa rólegt í kringum barnið t.d. fáir inni, farið í gönguferð með barnið í litlum hópi og því gefin kostur á að tjá sig á margvíslegan hátt.
- Vera í góðu sambandi við fjölskylduna og hafa heiðarleg og opin samskipti.
- Taka mið af þroska barnsins þegar skýringar eru gefnar.
- Forðast að vera með flóknar útskýringar og leiðréttá misskilning hjá barninu.

Annastu vel þá sem þér þykir vænt um



Andlát aðstandanda barns

(nánasti aðstandandi foreldri eða systkini)

Markmiðið er:

- *Að koma fram við alla sem málið varðar af hlýju, varfærni og umhyggju*
- *Að gera alla hluti af vandvirkni og yfirvegun og skapa ró og festu*
- *Að gefa barninu tækifæri á að tjá líðan sína og tilfinningar á margvíslegan hátt*
- *Að fylgjast með líðan og tilfinningum barns og barnahópsins*
- *Hvert atvik er sérstakt og ber að hafa það í huga þegar ráðstafanir eru gerðar og ávallt skal vera í samráði við fjölskyldu barnsins*

Lýsing:

- Leikskólastjóri eða staðgengill leitar staðfestingar á andláti og kallar saman áfallateymi ef það á við. Hann tilkynnir um andlátið en metið er hverju sinni hverjum tilkynningin berst.
- Votta aðstandendum og barni samúð þegar komið er til baka í leikskólann.
- Leikskólastjóri ásamt stjórnendum leikskólans skipuleggja næstu daga. Meðal annars hvernig taka skuli á móti barni þegar það kemur aftur í skólann og hvernig áframhaldandi vinnu skuli háttað.
- Fundinn er tengiliður við fjölskylduna sem upplýsir leikskólann um gang mála ef þarf.
- Deildarstjóri ræðir við foreldri/tengilið og kannar hvernig andlátið hafi verið útskýrt fyrir barninu, þannig að leikskólinn verði í samhljómi við foreldri/forsjáraðila barnsins.
- Foreldrum annarra barna er tilkynnt andlátið í síma eða í tölvupósti í samráði við foreldri/forsjáraðila og þeir beðnir að ræða við börn sín um andlátið.
- Mikilvægt er að starfsfólk deilda ræði við foreldra barna á deildinni um líðan barnanna næstu daga.
- Reynt að hafa rólegt í kringum barnið t.d. fáir inni, farið í gönguferð með barnið í litlum hópi og því gefið kostur á að teikna eða ræða atburðinn.
- Ef foreldri barns eða systkini fellur frá fer ákveðinn hópur starfsfólks og leikskólastjóri í jarðarförina.
- Ef barn missir nána aðstandendur er barninu gefið tækifæri til að búa til kort eða teikna mynd og í kortið er settur texti og kveðja frá börnum og starfsfólki leikskólans.
- Ef barn missir foreldri eða systkini skal leikskólastjóri og deildarstjóri heimsækja barnið og fjölskylduna fyrir jarðafarardag og færa þeim samúðargjöf/kveðju frá börnum og starfsfólki. Ein hugmynd væri að börnin á deildinni útbúa samúðarkort sem komið er til viðkomandi barns með samúðarkveðjum frá leikskólanum.
- Ef hluti starfsfólks fer til jarðarfarar skal metið hverju sinni hvort ástæða er til að óska eftir aðstoð foreldra um að sækja börnin í leikskólann.
- Þeim aðilum sem fara til jarðarfarar skal gefni tími til að setjast niður eftir athöfnina og taka þátt í samráðsfundi þar sem farið er yfir hvað hverjum og einum þótti erfiðast og hvað hægt sé að gera til að losa um streitu.

Faðmlag er frábær gjöf



Veikindi/slys starfsmanns

Markmiðið er:

- *Að hlúa samstundis að starfsmanni*
- *Að starfsfólk vinni saman og skipti með sér verkum*
- *Að vinna hratt og örugglega*
- *Að skapa ró og festu í leikskólanum*

Lýsing:

- Verði alvarlegt slys eða veikindi í leikskólanum eða einhver vafi er á, ber tafarlaust að hringja í **112** og fara með starfsmann á sjúkrahús.
- Hafa skal meðferðis bráðupplýsingar um starfsmann sem staðsettar eru inná skrifstofu skólustjóra.
- Nauðsynlegt er að láta aðstandanda vita, sjá símanúmer í bráðabók starfsfólks.
- Í öllum alvarlegum slysum á að kalla til lögreglu og fá gerða slysarannsóknarskýrslu. Þetta getur verið mikilvægt síðar meir ef slysið t.d. leiðir til örorku eða málsóknar.
- Kalla saman áfallateymi og fá utanaðkomandi aðstoð ef þess er þörf. Nauðsynlegt er að vanda fyrstu upplýsingar til samstarfsfólks og deildarstjóra leikskóladeildar. Hafa tengilið við fjölskylduna ef um alvarlegt slys eða veikindi er að ræða.
- Ef um langvarandi veikindi er að ræða hjá starfsmanni er mikilvægt að sýna honum skilning og fylgjast með líðan hans. Mikilvægt er að leikskólustjóri eða deildarstjóri verði í sambandi við starfsmann og miðli upplýsingum í samráði við hinn veika.
- Mikilvægt er að vera vakandi yfir líðan starfsmanns þegar hann kemur til vinnu.
- Vinnuveitanda ber að tilkynna [Vinnueftirlitinu](#) um vinnuslys innan sólarhrings frá slysi.
- Vinnuveitandi skal tilkynna slysið til [VÍS](#) eins fljótt og auðið er.
- Vinnuveitanda ber að tilkynna slys til [Sjúkratrygginga](#) Íslands.
- Senda skal afrit af öllum tjónstilkynningum á Tjónatilkynningar tjon@kopavogur.is
- Starfsfólk Kópavogsbæjar er slysatryggt á vinnustað. Tryggingar gilda einnig til og frá vinnu. Greiddur er útlagður kostnaður vegna vinnuslysa.

Sjúkrakassar eru í leikskólanum með nauðsynlegustu skyndihjálpargögnunum. Þeir eru á kaffistofu starfsfólks.

Tryggur vinur er gulls ígildi



Veikindi/slys aðstandanda starfsmanns

Markmiðið er:

- *Að koma fram við alla sem málið varðar af hlýju og varfærni*
- *Að koma til skila samúð og hluttekningu*

Lýsing:

- Leikskólastjóri eða staðgengill leitar staðfestingar á veikindum eða slysi, kallar saman áfallateymi ef við á, tilkynnir starfsfólki um atburðinn og ákveðin eru næstu skref.
- Vera í góðu sambandi við starfsmann og bjóða fram aðstoð.
- Finna tengilið við fjölskylduna ef um alvarlegt tilfelli er að ræða því starfsmaður gæti átt erfitt með að vera í sambandi við vinnustað.
- Vera vakandi fyrir líðan starfsmanns þegar hann kemur til vinnu.
- Vera minnug þess að starfsmaður í sorg þarf á okkur að halda.



Andlát starfsmanns

Markmiðið er:

- *Að koma fram við alla sem málið varðar af hlýju og varfærni*
- *Að koma til skila samúð og hluttekningu*
- *Að skapa ró og festu í leikskólanum*

Lýsing:

- Leikskólastjóri eða staðgengill leitar staðfestingar á andláti og kallar saman áfallateymi. Áfallateymið leitar eftir utanaðkomandi aðstoð ef þess er þörf. Tilkynna skal samstarfsfólki og deildarstjóra leikskóladeildar um andlátið. Nauðsynlegt er að vanda fyrstu upplýsingar til samstarfsfólks.
- Leita skal eftir aðstoð sérfræðinga og/eða sóknarprests fyrir starfsfólk, börn og foreldra þeirra ef þörf er á.
- Starfsfólki er boðið upp á áfallahjálp.
- Votta aðstandendum samúð, valin er tengiliður við fjölskylduna úr hópi starfsfólks.
- Tilkynna foreldrum barna, á þeirri deild sem starfsmaður starfaði á, um andlátið símleidis.
- Tilkynna öðrum foreldrum andlátið með tölvupósti.
- Ef andlát starfsmanns ber að í leikskólanum er hringt í **112**.
- Símanúmer aðstandanda starfsfólks eru í möppu sem merkt er *Bráðaupplýsingar starfsfólks*, mappan er inná skrifstofu skólastjóra.
- Haft skal samband við foreldra og tilkynna þeim andlátið og óska eftir að foreldrar sækji börn sín. Muna að samræma það sem sagt er við foreldra því foreldrar eru mikilvægir hlekkir í stuðningi við börnin.
- Vera vakandi fyrir viðbrögðum barna, starfsfólks og foreldra.
- Upplýsa skal starfsfólk og foreldra um gang mála.
- Þegar minnst á starfsmanns skal hafa samráð við aðstandendur vegna aðkomu starfsfólks.
- Skrifna minningargrein og senda hana á fjölmiðla.
- Ef jarðarför er opinber er leikskólanum lokað á meðan á útför stendur í samráði við deildarstjóra leikskóladeildar.



Andlát aðstandanda starfsmanns

(nánasti aðstandandi maki, barn eða foreldri).

Markmiðið er:

- *Að koma fram við alla sem málið varðar af hlýju og varfærni*
- *Að koma til skila samúð og hluttekningu*
- *Að skapa ró og festu í leikskólanum*

Lýsing:

- Leikskólastjóri eða staðgengill leitar staðfestingar á andláti, kallar saman áfallateymi og tilkynnir starfsfólki og deildarstjóra leikskóladeildar um andlátið.
- Leita skal eftir aðstoð og hjálp sérfræðinga og/eða sóknarprests sem aðstoðar við næstu skref, ef þörf er á.
- Votta starfsmanni samúð, valinn er tengiliður við starfsmann eða ættingja hans úr hópi starfsfólks. Mikilvægt er að hafa starfsmann með í ráðum eins og kostur er.
- Færa starfsmanni samúðarkort og gjöf frá samstarfsfélögum.
- Vera vakandi fyrir líðan starfsmanns þegar hann kemur í vinnuna.
- Vera minnug þess að starfsmaður í sorg þarf á okkur að halda. Sjá nánar lesefni í *Áfallaráðskassa* í undirbúning.
- Ef hluti starfsfólks fer til jarðarfarar skal metið hverju sinni hvort ástæða er til að óska eftir aðstoð foreldra um að sækja börnin í leikskólann í samráði við deildarstjóra leikskóladeildar.

Ekkert er betra en hvatning góðs vinar





7. Ítarefni

Anna Ingólfssdóttir, Guðfinna Eydal og Jóna Hrönn Bolladóttir. (2012). *Makalaust líf*.

Benedikt Jóhannsson. (2004). *Börn og skilnaður*.

Bragi Skúlason. (1992). *Von*.

Bragi Skúlason. (1994). *Sorg barna*.

Guðrún Alda Harðardóttir/Halla Sólveig. (1997). *Það má ekki vera satt*.

Harpham, Wendy Schlessel. (2014). *Þegar foreldri fær krabbamein, um börn og alvarleg veikindi*.

Hólmfríður Ólafsdóttir. (2010). *Sorgarviðbrögð barna við dauðsfall foreldris og við skilnað foreldra*.
Netslóð: https://skemman.is/bitstream/1946/5288/1/Ritger%C3%B0%20H3_FINAL_final.pdf

Karl Sigurbjörnsson. (2007). *Til þín sem átt um sárt að binda*.

Krabbameinsfélagið, fræðslurit. (1999). *Mamma, pabbi, hvað er að?*

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). *Handbók um velferð barna og öryggi barna í leikskólum*. Netslóð: <https://www.menntamalaraduneyti.is/media/forsidumyndir/Drog-a-vef---handbok-um-velferd--og-oryggi-barna-i-leikskolum--.pdf>

Rauði kross Íslands. (e.d.) *Þegar lífið er erfitt*.

SES FAMILY. Netslóð: <https://www.sesfamily.com/is/is/>

Sigurbjörn Einarsson. (2004.) *Af hverju afti*.

Sigurður Pálsson. (1998). *Börn og sorg*.

Umboðsmaður Barna. Netslóð: <https://www.barn.is/>

Warren, Norman. (1999). *Hver er tilgangurinn?*

Þorbjörg Otta Jónasdóttir. (2009). *Börn og áföll. Áföll og sorg barna í leikskóla og yngstu bekkjum grunnskóla*. Netslóð:
<https://skemman.is/bitstream/1946/3628/1/Lokaritger%C3%B0%20yfirfarin%20af%20D%C3%adsu.pdf>

8. Ráðgjöf

Meðal annars er hægt að leita ráðgjafar hjá eftirfarandi aðilum. Ekki tæmandi listi.

- [Krabbameinsfélagið](#)
- [Ljónshjarta](#)
- [Sorgarmiðstöðin](#)



9. Hugmyndir að tölvupóstum til foreldra

Póstur til foreldra barna á deild barnsins sem var að missa foreldri sitt.

Kæru foreldrar:

Sá sorglegi atburður gerðist (dagsetning) (nafn foreldris) móðir/faðir (nafn barns) á (nafn deildar) lést eftir hetjulega baráttu við krabbamein. Okkur þykir mikilvægt að aðstandendur barna á deildinni fái vitneskju um atburðinn og hvernig við hér í leikskólanum munum bregðast við. (dagsetning) munu stjórnendur og kennarar deildarinnar ræða við börnin á (nafn deildar). Við biðjum ykkur um að ræða við börnin ykkar heima en búast má við að þau bregðist við slíkum sorgarfréttum á mismunandi hátt. Við viljum því benda ykkur á góðar leiðbeiningar á síðum Sorgarmiðstöðvarinnar og Krabbameinsfélagsins.

Við hugsum til aðstandenda með hlýhug.

Kærleikskveðjur,

Starfsfólk (nafn deildar)

Póstur sendur á foreldra barna annarra deilda

Kæru foreldrar:

Sá sorglegi atburður gerðist (dagsetning) að (nafn foreldris) móðir/faðir (nafn barns) á (nafn deildar) lést eftir hetjulega baráttu við krabbamein. Kennarar deildarinnar og stjórnendur munu ræða við börnin á (nafn deildar). Vegna ungs aldurs barnanna í leikskólanum þá hyggjumst við ekki tilkynna börnum annarra deilda um andlátíð. Við munum vera vakandi yfir hvaða áhrif þessi sorgarfregn er að hafa á börn annarra deilda og grípa inn í ef þörf reynist. Ef foreldrar vilja ræða við börnin sín um andlátíð þá bendum við á að góðar leiðbeiningar eru á heimasíðu Sorgarmiðstöðvarinnar og Krabbameinsfélagsins.

Við hugsum með hlýhug til allra aðstandenda.

Kærleikskveðjur,

Stjórnendur (nafn skólans og nöfn stjórnenda).



Póstur sendur á foreldra barna á deild barnsins sem missti foreldri

Kæru foreldrar,

Sá sorglegi atburður átti sér stað (*dagsetning*) að (*nafn foreldris*) móðir/faðir (*nafn barns*) á (*nafn deildar*) lést. Í dag munum við láta börnin vita af andlátinu í samverustund og því má búast við að það verði einhverjar vangaveltur hjá börnunum eftir að heim er komið. Þessi sorglegi atburður gæti sett svip sinn á leikskólastarfið næstu daga og viljum við því biðja ykkur um að vera vakandi yfir líðan barna ykkar. Góðar leiðbeiningar er að finna á síðu Sorgarmiðstöðvarinnar.

Við hugsum með hlýhug til allra aðstandenda

Kærleikskveðjur,

Stjórnendur (nafn skóla og stjórnenda og starfsfólk (*nafn deildar*)).

Þessi póstur fór á aðrar deildir

Kæru foreldrar

Sá sorglegi atburður átti sér stað (*dagsetning eða nýverið*) að (*nafn foreldris*) móðir/faðir (*nafn barns*) á (*nafn deildar*) lést eftir veikindi. Kennarar deildarinnar hafa rætt við börnin á (*nafn deildar*) en vegna ungs aldurs barnanna í leikskólanum þá hyggjumst við ekki tilkynna börnum annarra deilda um andlátið. Við munum vera vakandi yfir hvaða áhrif þessi sorgarfregn er að hafa á börn annarra deilda og grípa inn í ef þörf reynist. Ef foreldrar vilja ræða við börnin sín um andlátið þá bendum við á að góðar leiðbeiningar eru á heimasíðu Sorgarmiðstöðvarinnar.

Við hugsum með hlýhug til allra aðstandenda

Kærleikskveðjur,

Stjórnendur (nafn skóla og stjórnenda)